


Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.
Árni Ólafsson
Skólavörðustíg 2
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. apríl 2009
Tilvísun: UST20081000098/ksj

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020

Vísað er til erindis Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. er barst 20. október 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 -2020. Erindinu fylgir greinargerð og uppdráttur.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir sveitarfélags um hverfisvernd. Stofnunin telur einnig að aðalskipulagið marki jákvæða stefnu varðandi verndun náttúruminja.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við aðalskipulagstillöguna

Gróðurfar og dýralíf

Í kafla um gróðurfar og dýralíf kemur fram að: „*Dæmi um gamlar skógarleifar eru að finna í Karlsárlandi norðan Dalvíkur og í Kóngsstáðahálsi í Skiðadal.*“ Umhverfisstofnun tekur undir og bendir á hve mikilvægt er að bæði þessi svæði eru hverfisvernduð, og vill undirstrika mikilvægi þess að upprunalegir skógar séu verndaðir enda er flatarmál upprunalegra birkiskóga í dag samkvæmt riti Umhverfisstofnunar „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*“ aðeins 1200 km² en er talið hafa verið 25.000-30.000km² við landnám.

Skógrækt

Í umfjöllun um skógrækt kemur fram að: „*Þrátt fyrir að landbúnaðarland sé afmarkað á táknrænan hátt við 300m hæð yfir sjávarmáli eru stór svæði ofan þeirra marka hefðbundið landbúnaðarland. Um þau gilda sömu heimildir og takmarkanir fyrir skógrækt og á skilgreindum landbúnaðarsvæðum.*“ Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er óheimilt að rækta erlendar tegundir í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að aðalskipulagið endurspegli fyrrgreinda grein í reglugerðinni.

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistöku úr ám kemur fram að þess skuli gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána. Umhverfisstofnun bendir á að leita skal umsagnar Veiðimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám. Umhverfisstofnun tekur undir að rannsaka þurfi


framburðarmagn áa áður en hægt er að fullyrða um hvort um sjálfbæra efnistöku geti orðið. Varðandi áform um svæði undir akstursíþróttasvæði í námu við Hálsá vill Umhverfisstofnun koma því á framfæri að samkvæmt viðauka laganna nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þarf því að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.


Landnotkun

Í tillögu að aðalskipulagi Dalvíkur er greinargerð skipt í 12 kafla. Kafli sem fjallar um náttúruverndarsvæði, þjóðminjavernd, vatnsvernd og svæði undir náttúruvá ber yfirskriftina „*Takmörkun á landnotkun.*“ Umhverfisstofnun telur ekki kaflaheiti endurspegla innihald hans, enda eru framangreindir verndarþættir hluti af landnotkun innan sveitarfélagsins.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Dalvíkurbyggð